

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarþjónusta á fyrstu þremur
mánuðum áráanna 2021 - 2023

Mars 2024

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa tók við. Mánaðarlega skiluðu barnaverndarþjónustur¹ sískráningu tilkynninga, þ.e. tölulegar upplýsingar varðandi tilkynningar, til Barnaverndarstofu og er nú sömu upplýsingum skilað til Barna- og fjölskyldustofu. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu barnaverndar á fyrstu þremur mánuðum áráanna 2021, 2022 og 2023. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónusta sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningum til barnaverndarþjónusta fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2023 miðað við sama tímabil árið á undan. Fjöldi tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2023 var 3.825 en voru 3.168 á sama tímabili 2022. Tilkynningum fjölgaði í öllum landshlutum, sé miðað við fyrstu þrjú mánuði ársins 2022.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2023 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 43,1% tilkynninga. Þetta hlutfall var 44,1% og 43,9% á fyrstu þremur mánuðum áráanna 2022 og 2021. Næst flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barns eða 30% og er það breyting frá árinu áður. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis voru 26,2%. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 0,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2023 sem er hærra hlutfall en á sama tímabili árið 2022 en sama hlutfall og á sama tímabili árið 2021.

Tilkynningum vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit fjölgaði um 16,9% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2023 sé miðað við sama tímabil árið 2021 en er svipað og árið 2021. 515 tilkynningar voru vegna foreldra sem voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu á fyrstu mánuðum 2023 og er það fjölgun upp á 17,8% miðað við sama tímabil árið áður. Þá fjölgaði tilkynningum vegna tilfinningalegs ofbeldis um 16,3% á fyrstu þremur mánuðum áráanna 2022 og 2023.

Flokkurinn áhættuhegðun barns sker sig úr öðrum flokkum tilkynninga en slíkum tilkynningum fjölgaði um 33,1% á fyrsta fjórðungi ársins 2023. Tilkynningum vegna þess að barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu fjölgaði um 32,8%, vegna afbrota barns fjölgaði um 52,9%, vegna ofbeldis um 45,9% og þar sem skólasókn var áfátt um 29,3%, samanborið við sama tímabil árið 2022.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 32,3% tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2023 en það er svipað hlutfall og á sama tímabili árið 2022. Tilkynningum frá skólum og heilbrigðiskerfinu heldur áfram að fjölga en á tímabilinu janúar fram í mars 2023 bárust 43,6% fleiri tilkynningar frá skólum og 27,9% fleiri frá heilbrigðiskerfinu samanborið við árið áður.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2023 var 2.929 börn en sambærilegur fjöldi fyrir árið á undan var 2.526 börn og 2.854 börn á sama tímabili árið 2021. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

¹ Um mitt ár 2021 varð lagabreyting og eru barnaverndarnefndir nú kallaðar barnaverndarþjónustur. Einhver breyting hefur orðið á umdæmum barnaverndarþjónusta frá því sem var en hefur ekki áhrif á samanburð þennan við fyrri ár.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.382	38,8	1.209	38,2	1.450	37,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	963	27,0	849	26,8	1.064	27,8
Landsbyggð	1.220	34,2	1.110	35,0	1.311	34,3
Samtals	3.565	100	3.168	100	3.825	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.822	51,1	1.673	52,8	2.019	52,8
Stúlkur	1.716	48,1	1.477	46,6	1.777	46,5
Stálp ¹	2	<0,1	2	<0,1	2	<0,1
Ekki vitað ²	25	0,8	16	0,5	27	0,7
Samtals	3.565	100	3.168	100	3.825	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga fyrstu 3 mánuði hvers árs



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.064	37,3	896	35,5	1.080	36,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	774	27,1	693	27,4	847	28,9
Landsbyggð	1.016	35,6	937	37,1	1.002	34,2
Samtals	2.854	100	2.526	100	2.929	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.504	52,7	1.322	52,3	1.556	53,1
Stúlkur	1.329	46,6	1.189	47,1	1.349	46,1
Stálp ¹	2	0,1	2	0,1	1	<0,1
Ekki vitað ²	19	0,7	13	0,5	23	0,8
Samtals	2.854	100	2.526	100	2.929	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	2.027	71,0 ¹	1770	70,1 ¹	1.879	64,2 ¹
<i>Drengir</i>	1.018	50,2	911	51,5	956	50,9
<i>Stúlkur</i>	999	49,3	851	48,1	905	48,2
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	10	0,5	8	0,5	18	0,9
Þar af nýjar kannanir	916	32,1 ¹	793	31,4 ¹	1.001	34,2 ¹
<i>Drengir</i>	445	48,6	400	50,4	515	51,5
<i>Stúlkur</i>	458	50,0	388	48,9	477	47,6
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	13	1,4	5	0,6	9	0,9

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	1.564	43,9	1.398	44,1	1.649	43,1
Ofbeldi	970	27,2	889	28,1	1.000	26,2
Áhættuhegðun barna	1.004	28,2	863	27,3	1.147	30,0
Vegna ófædds barns	25	0,7	16	0,5	27	0,7
Alls	3.565¹	100	3.168¹	100	3.825¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju árið 2023. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga, 3.825 tilkynningar.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunum hér að neðan.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.564		1.398		1.649	
<i>Drengir</i>	772	49,4	727	52,0	884	53,6
<i>Stúlkur</i>	792	50,6	671	48,0	765	46,4
Líkamleg vanræksla	64		67		80	
<i>Drengir</i>	33	51,6	39	58,2	44	55,0
<i>Stúlkur</i>	31	48,4	28	41,8	36	45,0
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.339		1.192		1.394	
<i>Drengir</i>	666	49,7	608	51,0	758	54,4
<i>Stúlkur</i>	673	50,3	584	49,0	636	45,6
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	514		437		515	
<i>Drengir</i>	254	49,4	220	50,3	264	51,3
<i>Stúlkur</i>	260	50,6	217	49,7	251	48,7
Vanræksla varðandi nám	101		110		107	
<i>Drengir</i>	43	42,6	52	47,3	56	52,3
<i>Stúlkur</i>	58	57,4	58	52,7	51	47,7
Tilfinningaleg vanræksla	119		91		119	
<i>Drengir</i>	62	52,1	46	50,5	56	47,1
<i>Stúlkur</i>	57	47,9	45	49,5	63	52,9

Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	970		889		1.000	
<i>Drengir</i>	442	45,6	403	45,3	457	45,7
<i>Stúlkur</i>	528	54,4	486	54,7	543	54,3
Tilfinningalegt ofbeldi	541		484		563	
<i>Drengir</i>	262	48,4	249	51,4	261	46,4
<i>Stúlkur</i>	279	51,6	235	48,6	302	53,6
þar af hálfu náins aðila ¹	279		255		251	
<i>Drengir</i>	141	50,5	135	52,9	118	47,0
<i>Stúlkur</i>	138	49,5	120	47,1	133	53,0
Líkamlegt ofbeldi	248		230		292	
<i>Drengir</i>	135	54,4	123	53,5	175	59,9
<i>Stúlkur</i>	113	45,6	107	46,5	117	40,1
þar af hendi náins aðila	-		73		87	
<i>Drengir</i>	-	-	43	58,9	52	59,8
<i>Stúlkur</i>	-	-	30	41,1	35	40,2
Kynferðisofbeldi	224		161		185	
<i>Drengir</i>	67	29,9	27	16,8	37	20,0
<i>Stúlkur</i>	157	70,1	134	83,2	148	80,0
þar af hendi náins aðila ²	-		45		21	
<i>Drengir</i>	-	-	6	13,3	3	14,3
<i>Stúlkur</i>	-	-	39	86,7	18	85,7
þar af stafrænt kynferðisofbeldi ³	-		25		8	
<i>Drengir</i>	-	-	2	8,0	1	12,5
<i>Stúlkur</i>	-	-	23	92,0	7	87,5

¹Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hendi náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðnotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila.


²Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis væru vegna gruns um ofbeldis af hálfu náins aðila. Hér eru ekki til samanburðarhæfar tölur frá fyrri árum.

³Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna kynferðislegs ofbeldis væri vegna stafræns kynferðisofbeldis.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun barna	1.004	28,2	863		1.149	
<i>Drengir</i>	605	60,3	548	63,5	678	59,1
<i>Stúlkur</i>	399	39,7	315	36,5	469	40,9
Neysla barns á vímuefnum	177		154		143	
<i>Drengir</i>	107	60,5	97	63,0	75	52,4
<i>Stúlkur</i>	70	39,5	57	37,0	68	47,6
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	359		290		385	
<i>Drengir</i>	155	43,2	144	49,7	164	42,6
<i>Stúlkur</i>	204	56,8	146	50,3	221	57,4
Barn kemur sér undan forsjá	-	-	-	-	26¹	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	9	34,6
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	17	65,4
Afbrot barns	191		138		211	
<i>Drengir</i>	145	75,9	107	77,5	154	73,0
<i>Stúlkur</i>	46	24,1	31	22,5	57	27,0
Barn beitir ofbeldi	192		181		264	
<i>Drengir</i>	154	80,2	154	85,1	219	83,0
<i>Stúlkur</i>	38	19,8	27	14,9	45	17,0
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	110		123		159	
<i>Drengir</i>	56	50,9	63	51,2	82	51,6
<i>Stúlkur</i>	54	49,1	60	48,8	77	48,4

¹Hér er um að ræða nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*.

Ástæður tilkynninga



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

Fram til ársins 2021 var tilkynnandi beðinn um að meta hvort hann teldi barn í yfirvofandi hættu. Frá og með 1. janúar 2021 er það hlutverk barnaverndarstarfsmanna að meta hvort þeir telji barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	181	100	164	100	203	100
<i>Drengir</i>	80	44,2	92	56,1	105	51,7
<i>Stúlkur</i>	96	53,0	70	42,7	97	47,8
<i>Stálp eða ekki vitað¹</i>	5	2,8	2	1,2	1	0,5

¹ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvívýggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvívýggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu þrír mánuðir 2021		Fyrstu þrír mánuðir 2022		Fyrstu þrír mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	20	0,6	13	0,4	13	0,3
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	197	5,5	165	5,2	105	2,7
Nágrannar	219	6,1	157	5,0	103	2,7
Annað nærumhverfi barns ¹	-	-	155	4,9	281	7,3
Önnur barnaverndarþjónusta	31	0,9	55	1,7	55	1,4
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	100	2,8	101	3,2	137	3,6
Lögregla	1.308	36,7	1.031	32,5	1.234	32,3
Skólaþjónusta	606	17,0	521	16,4	748	19,6
Leikskóli/gæsluforeldri	56	1,6	57	1,8	74	1,9
Íþróttir/tómstundastarf ¹	-	-	20	0,6	12	0,3
Heilbrigðisþjónusta	410	11,5	398	12,6	509	13,3
Foreldrar barns	259	7,3	232	7,3	288	7,5
Aðrir	359	10,1	263 ²	8,3	266 ²	7,0
Samtals	3.565	100	3.168	100	3.825	100

¹ Hér er um að ræða nýjan flokk tilkynnenda sem tekinn var upp um áramót 2021/2022 og áður voru flokkaðir sem *aðrir*. Í þennan flokk fara til dæmis tilkynningar frá bæjarbúum, stjúpföreltrum, fyrrum stjúpföreltrum og foreldrum vina eða bekkjarfélaga.

² Hér er um að ræða nýjan flokk tilkynnenda sem áður voru flokkaðir sem *aðrir*.